



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

Á MORGUN MÁNUDAG KL. 10:30

BLAÐAMANNAFUNDUR Í ÖLDUSELSSKÓLA

FORVARNARDAGURINN 2014

ÓTVÍRÆÐUR ÁRANGUR ÍSLANDS MEÐAL EVRÓPUÞJÓÐA

Á morgun, mánudaginn 29. september 2014, verður haldinn kynningar- og blaðamannafundur um Forvarnardaginn og árangur hans á undanförunum árum. Fundurinn verður haldinn í Ölduselsskóla klukkan 10:30. Þar munu nemendur og forsvarsmenn skólans og fulltrúar þeirra aðila sem standa að Forvarnardeginum munu kynna árangurinn á undanförunum árum.

Forvarnardagurinn 2014 verður haldinn í grunnskólum og framhaldsskólum landsins miðvikudaginn 1. október.

Á undan kynningarfundinum munu nemendur 4. bekkjar Ölduselsskóla taka á móti sérstökum gestum fundarins fyrir utan anddyri skólans.

Á kynningarfundinum munu mæta Ólafur Ragnar Grímsson forseti Íslands, forsetafrú Dorrit Moussaieff, Dagur B. Eggertsson borgarstjóri, Lárus Blöndal forseti ÍSÍ, skátahöfðingi Bragi Björnsson og Helga Guðrún Guðjónsdóttir formaður UMFÍ. Auk þess verður á fundinum Valur Ragnarsson, forstjóri Medis og forsvarismaður Actavis á Íslandi, en fyrirtækið hefur stutt Forvarnardaginn myndarlega frá upphafi.

Forvarnardagurinn er nú haldinn í níunda sinn í grunnskólum landsins og í fjórða sinn í framhaldsskólum.

Á Forvarnardaginn ræða nemendur í skólunum um hugmyndir sínar og tillögur varðandi nýjungar og breytingar á æskulýðs- og íþróttastarfi, fjölskyldulífi og öðrum þeim þáttum sem eftt geta forvarnir. Hugmyndir og tillögur nemenda eru svo teknar saman og settar í skýrslu sem birt er á vefsíðu dagsins, www.forvarnardagur.is. Þá gefst nemendum kostur á að taka þátt í ratleik á vefsíðum íþróttá- og ungmennasamtaka og eru þar verðlaun í boði. Upplýsingar um daginn eru einnig aðgengilegar á Fésbók (www.facebook.com/forvarnardagur).

Forvarnardagurinn er haldinn að frumkvæði forseta Íslands. Aðstandendur Forvarnardagsins auk forsetaembættisins eru Samband íslenskra sveitarfélaga, Reykjavíkurborg, Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands, Ungmennafélag Íslands, Bandalag íslenskra skáta, Félag íslenskra framhaldsskóla og Rannsóknir og greining. Forvarnardagurinn er skipulagður með stuðningi lyfjafyrirtækisins Actavis.

Meginmarkmið Forvarnardagsins er að vekja athygli á því hvaða ráð hafa reynst best til að koma í veg fyrir að ungmenni verði áfengi og fíkniefnum að bráð. Þar ber hæst þátttöku í formlegu íþróttá- og tómstundastarfi og samverustundir með fjölskyldunni.

Á Íslandi hefur náðst afar góður árangur í baráttu gegn notkun áfengis og tóbaks á grunnskólastigi. Það þakka menn ýmsum þáttum. Margvíslegt tómstundastarf hefur mikið gildi í þeim efnum, svo sem starf skáta, ungmennafélaga og íþróttahreyfingarinnar. Jafnframt skiptir afar miklu máli að foreldrar ræði við börn sín og unglunga um valkostina í frístundastarfi og þá staðreynd að líkurnar á að áfengisnotkun verði síðar vandamál minnka stórlega með hverju ári sem unglingar draga það að bragða áfengi.

Nýlegar, athyglisverðar rannsóknir á íþróttastarfi ungmenna benda til að þær hafi þá aðeins forvarnargildi ef þær eru stundaðar með formlegum og skipulegum hætti. Þetta ætti að vera unglingum og öðrum sem hlut eiga að máli umhugsunarefni og gefur þeim aukna ástæðu til að stunda íþróttir innan ramma íþróttá- og frístundafélaga.

Rannsóknir á undanförunum árum hafa líka leitt þetta í ljós:

- Jákvæð þróun með minnkandi notkun áfengis og tóbaks heldur áfram í íslenskum grunnskólum.
- Íslenskir grunnskólanemar standa mjög vel í alþjóðlegum samanburði í þessum efnum.

- Veruleg aukning verður í notkun á áfengi á fyrsta ári í framhaldsskóla og telja margir namar að foreldrar láti það óátalið að þau noti áfengi eftir að þau eru komin í framhaldsskóla.
- Notkun á áfengi og tóbaki hefur engu að síður farið heldur minnkandi í íslenskum framhaldsskólum á undanförunum árum.

28. september 2014

Nánari upplýsingar veita Sigríður Kristín Hrafnkelsdóttir, verkefnisstjóri Forvarnardagsins (863 3631), skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).

- *Staður:* Ölduselsskóli, Ölduseli 17, 109 Reykjavík.
- *Stund:* Mánudaginn 29. september kl. 10:30.